



**Vatnsveita Sauðárkróks. Um lindavatn í
Hólakotsdal og Kálfárdal**

Þórólfur H. Hafstað

Greinargerð PHH-92-07



Vatnsveita Sauðárkróks Um lindavatn í Hólakotsdal og Kálfárdal

Eftirfarandi er sett á blað í framhaldi af samtali við Pál Pálsson, veitustjóra, þann 11. desember 1992. Um er að ræða gamlar og nýjar athugasemdir úr mínum fórum, sem ég hefi hér safnað saman og varða hugsanlega vatnsöflunarkosti á Kálfárdal og úti á Reykjaströnd. Um lindir í grennd við Heiðarhnjúkinn er getið í skýrslukorninu sem fylgir jarðfræðikortinu af hnjúknum (OS-92056 / VOD-15B).

Kálfárdalur

Inni á Kálfárdal heita Selhólar og eru þeir að mestu berghlaupsurð. Undan henni spretta nokkrar lindir í um það bil 300 m y.s. en í innanverðri urðinni er dálitlar tjarnir og sígur vatn frá þeim út í urðina. Óvísst er hversu stöðugt rennsli er frá lindunum, en líklegt er að það sé nokkuð sveiflukennt og hugsanlega er að hluti vatnsins sé frekar stutt að kominn.

Svæðið var skoðað 29. september 1977 og aftur 2. júlí 1987, en þá voru lindirnar mældar. Var þá í það heila innan við 30 l/s að sjá í lindum og vætlum á dalnum. Líkast til hefur grunnvatnsstaða þá verið í hærra lagi. Þar af leiðir að varla getur verið fýsilegt að virkja á þessum slóðum þar sem lindarennslí getur farið ofan í fáeina sekúntulítra í frostum og þurrkum. Fjarlægðin út að Hraksíðuá er um 7 km.

Stærsta lindin er í urðinni utanverðri að nokkru undan skriðurunni hlíð Sandfells og var rennslið 9 l/s, 2,6° C, 80 μ S. Fjórar minni lindir þar í grenndinni; rennsli alls; 10 l/s. Lind undir bakka nokkru utar; rennsli; 3 l/s, 3,0° C, 111 μ S.

Minni háttar lindalækur á upptök ofan bæjarhúsa í Kálfárdal, en er ekki álitlegur.

Steinn

Uppi í hlíðinni utan við Meyjarland og Stein heitir Manndrápskinn. Lítið berghlaup hefur fallið úr fjallinu og ná skriðutungur frá því niður undir bæina. Rétt utan og ofan við Stein koma upp fáeinar litlar lindir á tæplega ½ km kafla undan uppgrónum skriðutaumum í tæplega 50 m y.s. Þaðan runnu í tvo framræsluskurði;

1977.09.29 ca 15 - 20 l/s, 3,7° C.

1978.01.04 sást lítið vegna snjóá; giskað á 6 - 10 l/s.

1978.05.16; > 18 l/s, 3,4° C, ekki allt séð fyrir sköflum.

Nokkru ofar, undan brattasta hluta hlaupsins, eru samvaxnar lækjarkeilur og eru í þeim smálindir; líklega óstöðugar og hugsanlega hverfular. Tvær þær skárstu voru;

1977.09.29: 4 + 2 l/s, 3,7° C

1978.05.16: 5 + 3 l/s.

Í september 1977 var heildarennslí frá lindum á svæðinu í heild talið vera um 30 l/s en í janúar árið eftir var rennslið til muna minna. Þegar tekið er tillit til að uppkomustaðirnir eru margir og smáir og auk heldur dreifðir, getur svæðið varla talist heppilegt til virkjunar. Fjarlægðin til Sauðárkróks er um 5 km og þyrfti að dæla vatninu þangað.

Hólakotsdalur

Áin, sem úr dalnum fellur, er öll úr lindum komin; allmörgum og nokkuð misjöfnum þó. Rennsli í ánni hefur hugsanlega verið mælt um nokkurt skeið, líklega á áttunda áratugnum, en þær mælingar eru mér ekki handbærar. Vatnamælingar Orkustofnunar settu upp kvarða í ánni, en hann er nú löngu aflaggur (vhm 155). Vatnsveitan hefur um árabíl stefnt að virkjun linda á dalnum einhvern tíma í framtíðinni og Sauðárkróksbær á vatnsréttindi. Lindirnar á dalnum verið skoðaðar nokkrum sinnum af undirrituðum: 29. september 1977, 4. janúar 1978, 16. maí 1978 og 26. júlí 1992. Nokkrar ágiskanir eru því til á rennsli frá þeim og eru þær raktar hér.

Lind í langri, gróinni laut í brekkunni sunnan ár í u.þ.b. 210 m y.s.

77.09.26: 10 l/s, 3,5° C.

78.01.04: 6 - 8 l/s, 3,3° C, 73 μ S, pH 7,6; tekið sýni til efnagreiningar*.

78.05.16: > 10 l/s, 3,3° C,

92.07.26: 7 l/s, 2,3° C, 65 μ S, pH 8,3.

Lindalína er á mótum skriðu og bergs í syðra dalkjaftvikinu í u.þ.b. 270 m y.s.

77.09.26: 10 l/s.

92.07.26: 14 - 20 l/s, 3,1° C, 54 μ S, pH 9,0.

Lækjarupptök eru syðst og ofarlega í brekkubrún í grófri botnurðinni í dalkjaftinum. Uppkomusvæðið er um 12 m breitt og er efst í bröttum bakka í u.þ.b. 350 m y.s. Auk þess eru a.m.k. þrjár smálindir í læknum rétt neðan efstu upptaka.

77.09.26: 40 l/s, 2,3° C.

78.01.04: 18 - 20 l/s, 2,0° C.

78.05.16: 40 l/s, 1,9° C.

92.07.26: 40 - 50 l/s, 2,0° C, 43 μ S.

Lækjarupptök eru steinsnar norðar og örlítið neðar í urðinni. Þar er stutt lindalína í u.þ.b. 335 m y.s. í norðurbakka á stopulum læk, sem fellur úr tjörn inni í dalbotninum.

77.09.26: (lindin sást ekki; lækurinn rann yfir hana)

78.01.04: 10 - 12 l/s.

78.05.16: ca 30 l/s (sást illa vegna snjóa og byrjandi leysinga).

92.07.26: 30 - 40 l/s, 2,3° C, 38 μ S, pH 7,6.

Smálind er enn norðar og neðar í skriðunni nærri gilbotni í u.þ.b. 310 m y.s.

92.07.92 4 l/s, 3,2° C, 44 μ S.

Aðalgildrag Hólakotsár er niður af nyrðra dalkjaftvikinu og var þurrt þann 92.07.26. Svo er líkast til alltaf mema í leysingum og úrfelli.

Grunn tjörn er í rúmlega 480 m y.s. innst á dalnum (Nónskál) og fellur úr henni lækur. Ekki bætist verulega í hann í grófri urðinni fyrr en í lindinni sem fyrr er á minnst (335 m y.s.). Rennsli í útfallinu var 92.07.26; > 10 l/s, 7° C, 28 μ S, pH 7,6 og kom helftin af vatninu undan skriðu í sunnanverðum dalbotninum; 3,8° C.

Eins og sést af þessum rennsliságiskunum má gera því skóna að í janúar 1978 hafi samlagt rennsli í fjórum stærstu lindanna verið 40 - 50 l/s. Alls ekki er visst að þá hafi rennslið verið í lágmarki, en þó gefa tölurnar nokkra vísbendingu um að hér sé eftir umtalsverðu vatnsmagni að slægjast. Hins vegar er vegalengdin til Sauðárkróks nokkuð mikil, eða rúmir 8 km og einnig eru aðstæður á virkjunarstöðunum erfiðar vegna bratta.

* Sýni var tekið 4. jan. 1977 og nokkur efaí greind: pH: 7,6/23°, leiðni: 73 μ S/25°, kísill: 15,4 ppm, natríum: 11,2 ppm, kalsíum: 7,2 ppm, klóríð: 10,5 ppm.